

Drög að reglum Ísafjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið og skyldur.

Reglur Ísafjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð skulu tryggja að þeir einstaklingar, hjón/sambúðarfólk og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar fái fjárhagsaðstoð, ráðgjöf og stuðning, sbr. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. (Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem stuðningur til að mæta grunnþörfum einstaklinga.) Tilgangur aðstoðar er að styðja einstaklinga til sjálfsbjargar og stuðla að valdeflingu þeirra. Markmið ráðgjafar og stuðnings er að gera einstaklingum kleift að framfleyta sér og fjölskyldu sinni án aðstoðar. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

(Til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna, sem hafa ónógar tekjur og geta ekki séð fyrir sér og sínum sbr. IV. og VI. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.)

Til einstaklinga og fjölskyldna vegna sérstakra aðstæðna.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fjárhagsaðstoð er eingöngu ætluð til framfærslu en ekki til fjárfestinga eða greiðslu skulda.

Jafnan skal kanna til þrautar ~~rétt umsækjanda til annarra greiðslnaaðra möguleika en fjárhagsaðstoð~~, s.s. frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, fæðingarorlofssjóði, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga og einnig skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki. Jafnframt skal kanna rétt umsækjanda erlendis frá þegar við á.

Hafi umsækjandi nýlega selt eignir, skal honum vísað á lánaþinggreiðslu banka og/eða annarra lánastofnana, þó svo tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

Einstaklingar sem afplána dóm eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga nr. 40/1991.

Fjárhagsaðstoð er veitt á formi framfærslustuðnings eða tilboðs um starf eða virkniúrræði.

Tillaga að 1. grein

Reglur Ísafjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð skulu tryggja að einstaklingar og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar fái fjárhagsaðstoð, ráðgjöf og stuðning, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Tilgangur aðstoðar er að styðja einstaklinga til sjálfsbjargar og stuðla að valdeflingu þeirra. Markmið ráðgjafar og stuðnings er að gera einstaklingum kleift að framfleyta sér og fjölskyldu sinni án aðstoðar. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

Til einstaklinga og fjölskyldna vegna sérstakra aðstæðna.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi.

Fjárhagsaðstoð er eingöngu ætluð til framfærslu en ekki til fjárfestinga eða greiðslu skulda.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslnaaðra möguleika en fjárhagsaðstoð, s.s. frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, fæðingarorlofssjóði, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og einnig skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki. Jafnframt skal kanna rétt umsækjanda erlendis frá þegar við á.

Hafi umsækjandi nýlega selt eignir, skal honum vísað á lánafyrirgreiðslu banka og/eða annarra lánastofnana, þó svo tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

Einstaklingar sem afplána dóm eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga nr. 40/1991.

Fjárhagsaðstoð er veitt á formi framfærslustuðnings eða tilboðs um starf eða virkniúrræði.

2. gr.

Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim er sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu hér á landi og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar

Sé umsækjandi vinnufær skal fjárhagsaðstoð alla jafna veitt sem tilboð um tímabundið launað starf eða virkniúrræði samhliða fjárhagsstyrk. Þegar fjárhagsaðstoð er veitt í formi tilboðs um tímabundið starf, skulu kjarasamningsbundin laun að teknu tilliti til starfshlutfalls aldrei vera lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

Umsækjanda er skylt að sækja rétt sinn hjá viðeigandi stofnun og skal staðfesting stofnunar fylgja umsókn um fjárhagsaðstoð sbr. 9. gr. reglna þessara. Vanræki umsækjandi að sækja rétt sinn er heimilt að skerða fjárhagsaðstoð sem nemur staðfestum rétti annars staðar eða greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu sama mánuð og tvo mánuði þar á eftir.

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða virkni eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað vinnumarkaðsúrræði, þátttöku í átaksverkefni eða starfsleitaráætlun, skal greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu sama mánuð og tvo mánuði þar á eftir.

Peir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við ráðgjafa fjölskyldusviðs gera einstaklingsáætlun sem miðar að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Þegar það á við er haft samstarf við VIRK og/eða Starfsendurhæfingu Vestfjarða. Sinni einstaklingur ekki einstaklingsáætlun skal greiða hálfra grunnupphæð til framfærslu nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því. Læknisvottorð skulu vera útgefin af heilsugæslu eða lækni sem annast mál einstaklingsins.

Að loknu allt að þriggja mánaða skerðingartímabili er heimilt að bjóða einstaklingi starf eða virkniúrræði á ný þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því skerðingartímabili lauk. Hafni einstaklingar starfi eða úrræði á ný, er heimilt að greiða honum hálfra grunnfjárhæð til framfærslu sama mánuð sem hann hafnar vinnu eða úrræði og fimm mánuði þar á eftir.

3.4. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

4.5. gr.

Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tólmstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990.

Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þessar. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga nr. 40/1991.

5.6. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Einungis er veitt lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna. Til greina kemur að veita lán ef umsækjandi bíður afgreiðslu á bótum eða lífeyri frá öðrum opinberum aðilum sem hann á rétt til, svo sem frá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði eða lífeyrissjóðum. Skal þess sérstaklega getið í skriflegri skuldaviðurkenningu með hvaða hætti og hvenær lánið skuli endurgreitt. Félagsleg lán bera ekki vexti. Lán skal eingöngu veitt þeim umsækjendum sem ætla má að hafi ekki lánstraust hjá lánastofnunum.

6.7. gr.

Tímabil samþykkis

Ákvörðun um fjárhagsaðstoð gildir fyrir mánuð í senn. (Umsókn gildir í tvo mánuði en mánaðarlega þarf að skila fylgigögnum.) Sé þörf á áframhaldandi aðstoð skal umsækjandi vera í samvinnu við ráðgjafa á fjölskyldusviði um lausn mála sinna. (Ath með gildi umsóknar, ath orðalag)

Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en þrjá mánuði skulu kannaðar sérstaklega og félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga nr. 40/1991. Þegar við á skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar Umboðsmanns skuldara.

Eigi umsækjandi rétt á fjárhagsaðstoð gildir rétturinn frá þeim tíma sem umsókn var móttækin.

Félagsmálanefnd getur í undantekningartilfellum ákveðið að aðstoð skuli greidd lengra aftur í tímann, þó aldrei lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn var lögð fram, sbr. 3. mgr. 21 gr. laga nr. 40/1991. Rökstuddar ástæður þurfa að liggja að baki ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

Í undantekningartilvikum er fjárhagsaðstoð skipt niður í vikulegar greiðslur.

Nánar um rétt til fjárhagsaðstoðar:

* Umsækjandi sem er í vímuefnaeðferð á aðeins rétt á fjárhagsaðstoð ef hann nýtur ekki vasapeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, sjúkrasjóði stéttarféлага eða annarra lífeyrisgreiðslna. Fjárhæð aðstoðar skal vera jafn há vasapeningi samkvæmt skilgreiningu Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma.

* Heimilt er að greiða dvalarkostnað umsækjanda sem býr á áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili og veita fjárhagsaðstoð sem svarar til vasapeninga Tryggingastofnunar ríkisins. Dvalargjald og vasapeningur geta að hámarki numið grunnaðstoð einstaklings og skal dvalargjald greitt beint til viðkomandi stofnunar. Skilyrði fyrir greiðslu dvalarkostnaðar er að viðkomandi stofnun sé með leyfi þar til bærri yfirvalda.

Sæðis kannaðu þessar greinar, geta þær fallið saman? Orðalag! Bera saman við önnur sveitarfélög.

II. kafli.

Umsókn og fylgigögn

8. gr.

Umsókn um fjárhagsaðstoð.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram skriflega á fjölskyldusviði-Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi sbr. 4. gr. reglna þessara.

Umsókn skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði, undirrituðu af umsækjanda og maka ef við á. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um umsækjanda, fjölskyldugerð, fjölskyldustærð, ríkisfang, húsnæði, lögheimili, dvalarstað ef hann er annar en lögheimili, menntun og atvinnu. Um fylgigögn umsóknar er fjallað í 9. gr. reglna þessara.

Ef umsækjandi er ófær um að undirrita umsókn, skal hún undirrituð af talsmanni hans.

Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu frá Vinnumálastofnun um greiðslu bóttanna. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðsluseðli frá atvinnuleysistryggingasjóði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa, eða sætir biðtíma hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

9. gr.

Fylgigögn.

Umsókn er aðeins gild að lögð séu fram eftirfarandi gögn sem sýni allar tekjur, eignir og skuldir umsækjanda og maka/sambúðaraðila, sé umsækjandi í hjónabandi eða sambúð. Yfirlit yfir tekjur þarf að ná til umsóknarmánaðar **og tvo síðustu mánuði á undan.**

- **Launaseðlar hafi umsækjandi atvinnutekjur.**
- **Staðfesting á verktakagreiðslum.**

- Greiðsluseðill bóta frá Tryggingastofnun ríkisins njóti umsækjandi bótagreiðslna.
- Upplýsingar um aðrar tekjur, s.s. mæðra- og feðralaun, greiðslur úr **atvinnuleysistryggingasjóði**, fæðingarorlofssjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, bönkum, lánastofnunum, opinberum sjóðum og hinu opinbera.
- Staðfest afrit af síðasta skattframtali umsækjanda og maka hans eða sambúðaraðila, eigi það við. ***— Dagpeningavottorð frá vinnumiðlun, njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta.**

Vottorð **Skráningarskírteini frá vinnumálastofnun** **sem staðfestir atvinnuleysi umsækjanda og greinir frá rétti til greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði. Þurfi umsækjandi um atvinnuleysisbætur að sæta biðtíma eftir atvinnuleysisbótum þurfa ástæður þess að koma fram í vottorðinu og lengd biðtíma. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil sbr. 3. gr. reglna þessara**

-
- Læknisvottorð ef umsækjandi er óvinnufær og hefur ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda.
- Hafi umsækjandi nýlega slitið hjúskap eða sambúð, skal leggja fram vottorð sýslumanns því til staðfestu og samkomulag um skiptingu eigna og skulda, sé um það að ræða.
- Staðfesting viðeigandi stofnunar um umsókn skal fylgja umsókn um fjárhagsaðstoð.
- **Í öllum tilfellum er átt við greiðslur á Íslandi og erlendis frá.**
- Ef umsækjandi skilar ekki viðeigandi gögnum, stöðvast afgreiðsla umsóknar.

10. gr.

Upplýsingar um fjárhag og tekjur umsækjanda/maka.

Starfsmenn **fjölskyldusviðsSkóla** og **fjölskylduskrifstofu** Ísafjarðarbæjar geta, ef þörf krefur, aflað ítarlegri

upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda/maka, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, (Atvinnuleysistryggingasjóði) **Vinumálastofnun**, Útlendingastofnun, innlendum og/eða erlendum lífeyrissjóðum, ~~og~~ bönkum og nemendaskrá skóla. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka síns eða aðrar upplýsingar, stöðvast afgreiðsla umsóknar.

Umsækjendur skulu boðaðir í viðtal á fjölskyldusviði (til starfsmanna félagslegrar ráðgjafar) þar sem kannaðar eru félagslegar aðstæður. Veita skal umsækjendum leiðbeiningar um málsmeðferð umsóknar. Ennfremur skulu þeir upplýstir um rétt til aðstoðar sem þeir kunna að eiga annars staðar og ber þeim að nýta sér þann rétt.

III. kafli.

Réttur til fjárhagsaðstoðar og mat á fjárpörf

11. gr.

Grunnfjárhæð og mat á fjárpörf

Framfærslugrunnur er í reglum þessum nefndur grunnfjárhæð. Grunnfjárhæð tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds. Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárhæð til framfærslu, sbr. 11. gr. reglna þessara, lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur sbr. 14. gr. reglna þessara.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

Þeir einstaklingar, hjón eða sambýlisfólk, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð og eiga ekki eignir umfram íbúðarhúsnæði sem þeir búa í og eina fjölskyldubifreið, eiga rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum.

12. gr.

Grunnfjárhæð og réttur til fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð til einstaklings, 18 ára og eldri er 1 og getur numið allt að kr. 153.862,- á mánuði, í reglum þessum nefnd grunnfjárhæð. Upphæðin miðast við vísitölu neysluverðs þann 1. desember 2015, 430,8 stig.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð er 1,6 og getur numið allt að kr. 246.179,- (153.862,- x 1,6). Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings sem býr í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða öðrum, sem ætla má að taki þátt í framfærslu viðkomandi með beinum eða óbeinum hætti, er 0,6 og getur numið allt að kr. 92.317,- (153.862,- x 0,6).

Geti umsækjandi sýnt fram á að hann njóti ekki hagræðis af sameiginlegu heimilishaldi er heimilt að veita fulla grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til umsækjenda sem eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að etja skal að jafnaði miða við greiðslu húsaleigu, matar- og vasapeninga og greiðist vikulega.

Atvinnulausir einstaklingar 18-24 ára sem búa hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum og hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum, eiga rétt á upphæð sem svarar til vasapeninga Tryggingastofnunar ríkisins.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá LÍN njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar.

13. gr.

Frádráttur og skerðingar

Allar tekjur einstaklings/maka í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. (Þarfnast frekari skoðunar)

Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna; þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi og einstaklingar í hlutastarfi

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar eiga rétt til fjárhagsaðstoðar að því tilskildu að þeir hafi hætt rekstri og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997. Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð, skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlum og óski eftir fullu starfi.

15. gr.

Aðstoð vegna barna og ungmenna

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar skal gera ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum. Einstaklingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

16. gr.

Tekjur og eignir umsækjanda/maka

Allar tekjur einstaklingsins og maka/sambýlisaðila, í þeim mánuði sem sótt er um og tvo mánuði þar á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubóta og/eða vaxtabóta, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er átt við allar tekjur einstaklinga og maka/sambýlisaðila sem eru ekki sérstaklega til framfærslu barns/barna.

Til tekna telst:

- * Atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv.
- * Mæðra- og feðralaun.
- * Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem ungmenni 18-20 ára kunna að fá.
- * Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.
- * Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar skal gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum, ef við á.
- * Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslu vaxta- og húsaleigubóta.

Eignir umsækjanda/maka:

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlisaðili, eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþinggreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

17. gr.

Meðlagsgreiðslur umsækjanda

Meðlagsgreiðslur, sem umsækjandi hefur greitt reglulega fram að þeim tíma að hann sækir um fjárhagsaðstoð, reiknast til frádráttar tekjum samkvæmt 11. grein reglna þessara. Hér er átt við áfallandi meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

18. gr.

Bráðaaðstoð

Heimilt er að veita bráðaaðstoð til umsækjanda, án þess að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir. Bráðaaðstoð skal að jafnaði veitt sem lán og koma til frádráttar fjárhagsaðstoð sem síðar kann að verða veitt. Bráðaaðstoð getur ekki numið hærri upphæð en 25% af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði og er aðeins heimilt að veita slíka aðstoð einu sinni. Reynist ekki réttur til fjárhagsaðstoðar við útreikning er upphæðin ætíð endurkræf.

19. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og einstaklingar í hlutastörfum

- * Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa eða hafa haft lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð eiga rétt á fjárhagsaðstoð, hafi þeir stöðvað atvinnurekstur sinn og tilkynnt skattfyrirvöldum um það. Einnig er það skilyrði að þeir hafi sótt um atvinnuleysisbætur í samræmi við lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006.

- * Gerð skal krafa um að einstaklingar í hlutastarfi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi en framvísi ella læknisvottorði.

20. gr.

Námsmenn

Þeir sem stunda lánshæft nám hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Þó er starfsmönnum Skóla- og fjölskylduskrifstofu og/eða félagsmálanefnd heimilt að afgreiða lán eða styrki til einstaklinga/einstæðra foreldra 18-24 ára sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og stunda ólánshæft nám. Skal það tengjast stuðningi og markmiði í vinnu með félagsráðgjafa sem miðar m.a. að efnahagslega sjálfstæðu lífi viðkomandi. Samþykktir varðandi námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn þannig að aðstoð greiðist áfram þegar umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu.

21. gr.

Fjárhagsaðstoð er skattskyld

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna. Um frádrátt staðgreiðslu vísast til laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Umsækjandi skal afhenda skattkort sitt áður en fjárhagsaðstoð er innt af hendi.

IV. kafli

22. gr.

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

Heimilt er fyrir félagsmálanefnd eða félagsmálateymi í sérstöku umboði þess, að veita lán/styrki í eftirfarandi tilvikum:

1. Til einstaklinga/einstæðra foreldra 18-24 ára sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og stunda ólánshæft nám. Skal það tengjast stuðningi og markmiði í vinnu með félagsráðgjafa

sem miðar m.a. að efnahagslega sjálfstæðu lífi viðkomandi. Samþykktir varðandi námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn þannig að aðstoð greiðist áfram þegar umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu.

2. Til foreldra undir lögaldri sem búa við erfiðar aðstæður.
3. Til fyrirframgreiðslu húsaleigu fyrir 3 mánuði. Samkomulag skal um að húsaleigubætur þann tíma verði greiddar til félagsþjónustunnar.
4. Fermingarstyrk sem nemur 50% af grunnfjárhæð einstaklings.
5. Tannlæknakostnað sem nemur 30% af grunnfjárhæð einstaklings. Umsókninni skal fylgja kostnaðaráætlun tannlæknis. (Ath. var 25%)
6. Til greiðslu húsbúnaðar að hámarksupphæð kr. 80.000,- til handa einstaklingi eða fjölskyldu sem býr við mjög erfiðar félagslegar aðstæður.
7. Kostnað vegna búslóðarflutninga að hámarki 25% af grunnfjárhæð til einstaklings. Ath.
8. Til greiðslu viðtala hjá sálfræðingi, geðlækni eða félagsráðgjafa. Miðað er við niðurgreiðslu að komugjaldi sérfræðilæknis. Ath.
9. Vasapening til vistmanna á stofnunum þegar ekki er fyrir hendi réttur til annarra vasapeninga, að hámarki 7% af grunnfjárhæð á viku.
10. Dvöl á viðurkenndri heilsustofnun í allt að 8 vikur fyrir fólk sem býr við mjög erfiðar félagslegar og/eða fjárhagslegar aðstæður og ekki á rétt á greiðslu frá stéttarfélagi, lífeyrissjóði eða öðrum. Við mat á slíku skal liggja fyrir læknisvottorð.
11. Dvalarkostnað á áfangaheimili í allt að 12 vikur eftir áfengis- og/eða vímuefnaeðferð, sem og í lok fangavistar. Félagsmálanefnd getur ákveðið að styðja fólk til að vera lengur á áfangaheimili ef forsendur þykja vera til þess. Aðstoð félagsþjónustunnar við greiðslu dvalar á áfangaheimili skerðist í réttu hlutfalli við bótarétt/tekjur viðkomandi.
12. Desemberuppbot sem nemur 10% af grunnfjárhæð einstaklings fyrir hvern fjölskyldumeðlim. Ath. betur
13. Útfararstyrk sem nemur allt að einni (og hálfri) grunnfjárhæð einstaklings, þegar eignir eru ekki til staðar og ættingjar geta ekki séð um greiðslu kostnaðar. (Ath. var 1,5)
14. Vegna sérstakra erfiðleika sem félagsmálanefnd ákveður að veita aðstoð við.

23. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita foreldrum sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 12% af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð undanfarna þrjá mánuði eða lengur. Styrkurinn sem miðast við að hámarki 30% af grunnfjárhæð einstaklings skal miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

Leitast skal við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn umaðstoð vegna barna.

24. gr.

Lán eða styrkur til greiðslu viðtala hjá sérfræðingum

Heimilt er að veita fólki sem hefur átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða eða hefur lent í sérstökum áföllum aðstoð í formi viðtala hjá sálfræðingi, geðlækni, félagsráðgjafa eða öðrum viðurkenndum fagaðilum. Samþykktin felur í sér að hámarki tíu tíma og miðast að jafnaði við að umsækjandi greiði sjálfur helming kostnaðar sem af meðferðinni hlýst, eða að hámarki 50% af grunnfjárhæð einstaklings.

Ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði þau sem fram koma í reglum þessum, en starfsmenn Skóla- og fjölskylduskrifstofu meta aðstæður hans svo að brýnt sé að veita honum og fjölskyldu hans úrlausn, er félagsmálanefnd heimilt að veita honum tímabundna aðstoð skv. nánari skilyrðum hverju sinni.

25. gr.

Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki, lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum.

- * Að umsækjandi hafi haft tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar undanfarna sex mánuði eða lengur.
- * Að staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- * Að fyrir liggi yfirlit Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- * Að fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið.
- * Að fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.
- * Að ljóst sé að umsækjandi geti staðið í skilum með afborganir og greiðsluáætlun liggi fyrir.
- * Að umsækjandi eigi ekki ógreitt lán hjá Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

27. gr.

Fjárhagsaðstoð veitt í formi láns

Fjárhagsaðstoð veitt sem lán samkvæmt reglum þessum kemur einungis til álita njóti umsækjandi greiðsluþjónustu banka, sparisjóða eða sambærilegra aðila. Skilyrði fyrir útborgun láns er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki sitt fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.

28. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf.

Vakni grunur um að villandi eða rangar upplýsingar hafi verið veittar í því skyni að fá fjárhagsaðstoð skal viðkomandi boðaður í viðtal, þar sem leitast er við að upplýsa málið. Ef það er mat félagsmálanefndar að um vítavert brot hafi verið að ræða skal lögfræðingi Ísafjarðarbæjar gert viðvart og metið í samráði við hann, hvort málið verði sent lögreglu.

Hafi umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera ber samkvæmt reglum þessum getur Skóla- og fjölskylduskrifstofa endurkrafíð viðkomandi eftir almennum reglum kröfuréttar.

V. kafli.

Málsmeðferð

29. gr.

Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferðarreglur XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gilda um meðferð mála og ákvarðanatöku samkvæmt reglum þessum.

30. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn fjölskyldusviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar.

31. gr.

Afgreiðsla aðstoðar

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist.

Starfsmenn fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar skulu taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er og jafnframt sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðunin er tekin.

Afgreiðsla umsóknar skal ætíð kynnt umsækjanda með tryggilegum hætti svo fljótt sem unnt er þannig að ávallt liggja fyrir hvenær umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun starfsmanna fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar.

Áður en samþykkt fjárhagsaðstoð er greidd út eða í reikning viðkomandi, er heimilt að draga frá aðstoðinni upphæðir til greiðslu á: Húsaleigu, leikskólagjöldum, orkureikningum, eða öðru, sem kveðið er á um í samkomulagi því sem gert er við umsækjanda.

32. gr.

Rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað að hluta til eða í heild skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

33. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

34. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

35. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið fjölskyldusviðs, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

36. gr.

Málskot til félagsmálanefndar

Ákvörðun um synjun fjárhagsaðstoðar má skjóta til félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun starfsmanna.

37. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Ákvörðun félagsmálanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. lög nr. 85/2015. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Reglur Ísafjarðarbæjar um veitingu fjárhagsaðstoðar;

Voru samþykktar í félagsmálanefnd sem tillaga til bæjarráðs þann 4. september 2007.